

inum og hafi honum því engin skylda borið til að afhenda eigandanum hana nema gegn greiðslu. Þá er það og ljóst, að stefndum eða verkstæðinu bar ekki skylda til að geyma bifreiðina von úr viti og litur því rétturinn svo á, að áðurgreind sala bifreiðarinnar hafi að öllu leyti verið lögleg, en auk þess hefði eigandanum verið í lófa lagið að koma í veg fyrir söluina með því að deponera hinni umbrættu upphæð til þess á þann hátt að firra sig tjóni, sem hann kynni að bíða við sölu. Verður því samkvæmt framansögðu ekki séð, að krafa stefndanda á hendur stefndum hafi við rök að styðjast og ber því að taka sýknukröfuna til greina, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Vegna anbættisanna dómarsins hefir dómur í máli þessu eigi verið kveðinn upp fyrr en nú.

Miðvikudaginn 13. dez. 1933.

Nr. 106/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Páli Pálssyni. (Lárus Fjeldsted).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðar 17. júlí 1933:
Ákærður, Páll Pálsson, til heimilis á Bakkakoti í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu, sæti einföldu fangelsi í 10 daga, og greiði sekt í ríkissjóð að upphæð kr. 500,00 innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, ella ber að afplána sektarupphæðina, að undangengnu fjárnámi árangurslausu, með einföldu fangelsi í 30 daga. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómur hæstaréttar.

Verknaður kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, heyrir undir 6. gr. laga nr. 64, 1930, og þar sem það er eigi sannað gegn neitun kærða, að hann hafi ætlað hið umrædda áfengi til

sölu eða veitinga fyrir borgun, ákveðst refsing hans samkvæmt 30. gr. sömu laga 800 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Páll Pálsson, greiði 800 kr. sekt í ríkissjóð og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 50 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það virðist, með eigin játningu ákærðs og öðrum upplýsingum framkomnum undir rannsókninni, vera nægilega sannað, að ákærður, bifreiðarstjóri, til heimilis í Bakkakoti í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu, 31 árs að aldri, sem undanfarið hefir dvalið á Kirkjuvegi nr. 29 hér í bænum, hafi á hvítasunnudagsnótt 4. f. m., flutt í bifreið 3 blikkbrúsa innihaldandi heimabruggað áfengi, og hafi hann látið 1 af brúsum þessum inn í húseignina nr. 101 við Laugaveg í Reykjavík snemma á hvítasunnmorgun, en flutt hina brúsana, annan innihaldandi 5—6 lítra, en hinn 6—7 lítra af vökva þessum, og fannst ann-

ar þessara brúsa á Kirkjuvegi nr. 29, en hinn í heyhlöðu á Vesturgötu nr. 4, við hesthús tilheyrandi kaupmanni Ferd. Hansen hér í bænum, hvar ákærði hafði hest á fóðrum gegn því að annast um hesta nefnds kaupmanns, sem þvertekið hefir fyrir að vita nokkuð um þennan áfengistilflutning ákærðs þangað, fyrr en hann ásamt lög- regluþjóni bæjarins hafi aðfaranótt annars í hvítasunnu fundið greindan brúsa þar í hlöðu hans. Það hefir eigi upplýsts hvað orðið hafi af brúsa þeim, er ákærður skildi eftir í Reykjavík, né um innihald hans, nema eftir sögu- sögn ákærðs — vökvi á honum verið af sama styrkleika alkóhóls og á brúsa þeim, er fannst á dvalarstað hans hér í bænum, en allt það áfengi, er fyrr greinir, segist ákærð- ur hafa einn síns liðs bruggað á heimili hans í Bakkakoti nú fyrir áramótin síðustu, áhaldalaus, eða þannig að hann hafi látið gervökvann frjósa, og er hann um ára- mótin flutti hingað til Hafnarfjarðar, hafi hann grafið áfengið niður í útikofa þar á bænum og jafnað yfir mold- argólfið í kofanum á eftir. Við húsrannsókn, er fram fór á fyrrgreindum bæ 6. f. m., fannst ekkert áfengi. Fortekur ákærði, að hann hafi selt nokkuð af áfengi þessu, en þar á móti hafi hann oftast gefið mönnum í staupinu, bæði fyrir austan og hér og svo á ferðalagi.

Samkvæmt vottorði Efnarannsóknarstofu ríkisins, dags. 6. f. m., reyndist innihald af alkóhóli í sendum sýnishorn- um af fyrrgreindum 2 brúsum, 68,5% og 49,5%. Brúsa þann, er ákærður skildi eftir í Reykjavík, kveðst hann hafa ætlað Jens bróður sínum í Reykjavík, að gjöf; sjálfur kveðst mættur oftast hafa smakkað á áfengi þessu.

Samkvæmt framansögðu virðist ákærður hafa gerst brotlegur gegn VI. kafla áfengislaganna nr. 64 frá 1930, eða 6. gr. laganna, og ber því, með tilliti til framleiðslu- magns áfengisins og skýrslu ákærða um meðferð þess, að láta hann, samkvæmt 30. gr. sömu laga, sæta einföldu fang- elsi í 10 daga, svo og greiða 500 krónur í sekt fyrir þetta afbrot sitt, er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist sektin, að undangengnu árangurs- lausu fjárnámi með einföldu fangelsi í 30 daga, svo greiði og ákærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað. Um upptöku áfengisins er eigi að ræða né áhalda.